

# Álagning fasteigna- og þjónustugjalda 2020

Álagningin byggir á fasteignamati samkvæmt Landsskrá fasteigna frá 1. febrúar 2019.

## Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A-skattflokkur

Íbúðarhús og sumarbústaðir ásamt lóðum og lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir sem eingöngu eru nýttar til landbúnaðar, mannvirki og útihús á bújörðum.

Fasteignaskattur A	0,50% af fasteignamati húss og lóðar (var 0,50% árið 2019).
Vatnsgjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).
Fráveitugjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).
Sorphirðugjald	kr. 44.948,- á íbúð

## Fasteignagjöld stofnana: B-skattflokkur

Sjúkra- og heilbrigðisstofnanir, skólar, íþróttahús o.fl. samanber reglugerð um fasteignaskatt nr.1160/2005

Fasteignaskattur B	1,32% af fasteignamati húss og lóðar (óbreytt á milli ára).
Vatnsgjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).
Fráveitugjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).

## Fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis: C-skattflokkur

Aðrar fasteignir en þær sem falla undir A og B flokk t.d. verslunar-, iðnaðar-, og skrifstofuhúsnæði ásamt lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C	1,65% af fasteignamati húss og lóðar (óbreytt á milli ára).
Vatnsgjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).
Fráveitugjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).

## Lóðarleiga

Lóðarleiga íbúðahúsalóða	1% af fasteignamati lóðar (lækkun um 0,28% milli ára).
Lóðarleiga atvinnulóða	2,90 % af fasteignamati lóðar (óbreytt á milli ára).
Lóðarleiga ræktarlands	3,00% af fasteignamati lóðar (óbreytt á milli ára).

### Vatnsgjald

Hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign ber að greiða af henni árlegt vatnsgjald til Vatnsveitu Dalvíkur og skal það vera eftirfarandi:

- Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 4.798,66- kr. pr. íbúð og 176,12- kr. pr. fermetra húss. **(óbreytt á milli ára)**
- Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 14.690,73- kr. pr. eign og 194,22 kr. pr. fermetra húss. **(óbreytt á milli ára)**
- Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum. **(óbreytt)**
- Álagning skv. a, b. og c. másl. skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægra en 0,1% af fasteignarmati allra húsa og lóða. **(óbreytt milli ára)**

### Fráveitugjald

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins.

- Fráveitugjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 16.281,29- kr. pr. íbúð og 339,76 kr. pr. fermetra húss. **(óbreytt milli ára)**
- Fráveitugjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 37.513,99 kr. pr. eign og 339,76 kr. pr. fermetra húss. **(óbreytt milli ára)**
- Árlegt rotþróargjald verði, fast gjald kr. 16.270,66 kr. pr. losunarstað og þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár er kr. 12.621,72 **(óbreytt milli ára)**
- Álagning skv. a og b. másl. skal þó aldrei vera hærri en 0,47% eða lægra en 0,25% af fasteignarmati allra húsa og lóða. **(óbreytt)**

### Gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Gjalddagar fasteignagjalda eru tíu talsins og eru gjöldin innheimt frá 5. febrúar til 5. nóvember. Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga.

**Frekari upplýsingar** má fá í þjónustuveri Dalvíkurbyggðar í síma 460-4900 eða á [www.dalvikurbyggd.is](http://www.dalvikurbyggd.is)

**Álagning fasteignaskatts og lóðarleiga samþykkt á 318. fundi sveitarstjórnar þann 29. nóvember 2019.**

**Sorphirðugjald samþykkt á 318. fundi sveitarstjórnar þann 29. nóvember 2019.**

**Fjöldi gjalddaga og gjalddagar samþykkt á 318. fundi sveitarstjórnar þann 29. nóvember 2019.**

**Gjaldskrá vatnsveitu samþykkt á 318. fundi sveitarstjórnar þann 29. nóvember 2019.**

**Gjaldskrá fráveitu samþykkt á 318. fundi sveitarstjórnar þann 29. nóvember 2019.**